

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. júní 2021

Mál nr. S-4465/2020:

## Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

**Atla Viðari Gunnarssyni**

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. maí 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 14. júlí 2020, á hendur: „Atla Viðari Gunnarssyni, kt. [...], [...], fyrir eftirtalin brot:

1. Hylmingu og vopnalagabrot með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins þann 13. janúar 2019, haft í vörslum sínum á þáverandi dvalarstað hans að [...] í [...], [...], tvo hnífa og skotvopn með sjónauka, þrátt fyrir að ákærða hafi verið ljóst að um þýfi væri að ræða og þannig haldið skotvopninu ólöglega fyrir eigandanum, en skotvopninu hafði verið stolið úr sumarbústaði sunnan við [...], [...], þann 19. júlí 2012.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 263. gr. sömu laga og 12. gr., 1. mgr. og b. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

2. Fíkniefna- og lyfjalagabrot með því að hafa á þeim tíma sem greinir í ákærulið I, haft í vörslum sínum 0,98 grömm af amfetamíni, 1,50 grömm af maríhúana, 1 ml. af sustanon anabólískum sterum og 193 stykki af læknislyfjum án þess að hafa markaðs- og lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar, en lögglumenn fundu fíkniefnin og lyfin við leit í fórum ákærða á þáverandi dvalarstað hans.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr., sbr. 2. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með áorðnum breytingum.

3. Þjófnað með því að hafa, þriðjudagskvöldið þann 2. apríl 2019, stolið drykkjarvörum að verðmæti samtals 1.674 krónur úr versluninni Iceland að Engihjalla 8 í Kópavogi.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Þjófnað og umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 16. júlí 2019, stolið snyrtivöru, drykkjar- og matvörum að verðmæti samtals 9.814 krónur úr versluninni Hagkaup í Spönginni, og eftir að hafa yfirgefið verslunina, ekið á brott í bifreiðinni [...] sviptur ökuréttindum.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

5. Þjófnað með því að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 8. ágúst 2019, stolið ýmsum vörum að verðmæti samtals 24.397 krónur úr verslun Iceland að Staðarbergi 2-4 í Hafnarfirði.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Húsbrot, eignaspjöll og líkamsárás með því að hafa, þriðjudagskvöldið 19. september 2019, ruðst í heimildarleysi inn í íbúð A, kt. [...], [...], að [...] í [...], sparkað niður hurð í svefnherbergi íbúðarinnar, með þeim afleiðingum að hún brotnaði í tvennt, og ráðist með ofbeldi á A, kýlt hana einu höggi með krepptum hnefa vinstra megin í

andlitið og hrint henni á skáp, allt með þeim afleiðingum að gleraugu A brotnuðu og hún hlaut marblett á vinstra kinnbein, marblett og skrámur á hægri kinnbein, mar á hægri olnboga og upphandlegg, eymsli í vinstri upphandlegg, skrámur á hægri handarbak, 2,30 cm skurð á löngutöng hægri handar, marbletti víðsvegar á báðum lærum, hrúfl á vinstri sköflung, eymsli á rass og setbeini.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 231. gr., 1. mgr. 257. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

7. Fíkniefnalaga- og lyfjalagabrot með því að hafa, á þeim tíma sem greinir í ákærulið 6, haft í vörslum sínum 0,48 grömm af amfetamíni, 6,41 grömm af maríhúana og 65 stykki af læknislyfjum (contalgin 100 mg), án þess að hafa markaðs- og lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar, en lögreglumenn fundu fíkniefnin og læknislyfin í fórum ákærða við leit á þáverandi dvalarstaðar hans í kjallarageymslu að [...] í [...].

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr., sbr. 2. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með áorðnum breytingum.

8. Umferðarlagabrot með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 28. september 2019, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti, undir áhrifum slævandi lyfja og ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði ákærða mældist 345 ng/ml amfetamín og 22 ng/ml klónazepam) og því verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega, og fyrir að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða umrætt sinn, neitað að gangast undir töku þvagsýnis og þannig neitað að veita atbeina sinn við rannsókn ætlaðs brots hans.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 58. gr., allt sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

9. Umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 9. mars 2020, ekið bifreiðinni TS-147, sviptur ökurétti, undir áhrifum ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði ákærða mældist 420 ng/ml amfetamín og 19 ng/ml klónazepam) og því verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega umrætt sinn. Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., allt sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

10. Fyrir nytjastuld með því að hafa, föstudaginn 27. mars 2020, heimildarlaust tekið bifreiðina [...] í eigu B, kt. [...], þar sem hún stóð við [...] í [...], og notað hana uns lögregla hafði afskipti af ákærða í bifreiðinni mánudaginn 29. apríl 2020 við [...] í [...]. Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

11. Fyrir skjalabrot með því að hafa, á ótilgreindum tíma, í blekkingarskyni sett skráningarnúmerið [...], sem tilheyrði blárrí bifreið af gerðinni Ford Fiesta, á svarta bifreið af gerðinni Ford Fiesta, sem bera átti skráningarnúmerið [...], og ekið henni þannig á röngum skráningarmerkjum, en lögregla hafði afskipti af ákærða á þeim tíma sem greinir í ákærulið 10.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

12. Fyrir líkamsárás og hótanir með því að hafa, fimmtudaginn 8. ágúst 2019, á tjaldsvæðinu við Víðistaðatún í Hafnarfirði, ráðist með ofbeldi á C, kt. [...], þar sem hann lá á jörðinni og kýlt hann einu höggi með hægri krepptum hnefa í vinstra eyra, á meðan hann hélt á útdraganlegri kylfu í sömu hendi og keðjusög í þeirri vinstri, allt með þeim afleiðingum að C hlaut mar á utanvert vinstra eyra og skrapsár á vinstri sköflung. Á sama tíma hafði ákærði í frammi ógnandi tilburði við C og hótaði frekari líkamsmeiðingum.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

13. Fyrir fíkniefnalagabrot, brot á lyfjalögum og vopnalagabrot, með því að hafa á sama tíma og greinir í ákærulið 12, haft í vörslum sínum 7,57 grömm af amfetamíni, 0,35 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni, 9 stykki af læknislyfjum (7 stykki af Gabapentin Mylan og 2 stykki af Sobril) án þess að hafa markaðs- og lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar, og stunguvopn, hnúajárn og útdraganlega kylfu, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og við leit í hjólhýsi ákærða á tjaldsvæðinu við Víðistaðatún í Hafnarfirði.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018, 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr., sbr. 2. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með áorðnum breytingum auk 1. mgr. og b. – c. liði 2. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á skotvopni auk sjónauka (munir nr. [...]), þremur stunguvopnum (munir nr. [...] og [...]), útdraganlegri kylfu (munur nr. [...]) og hnúajárni (munur nr. [...]), sem lögregla lagði hald á, með vísan til 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Jafnframt er þess krafist að ákærði sæti upptöku á spjaldtölvu (munur nr. [...]), tveimur farsímum (munir nr. [...] og [...]), fíkniefnaneysluáhöldum (munur nr. [...]) og keðjusög (munur nr. [...]), sem lögregla lagði hald á, samkvæmt heimild í 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig er þess krafist að gerð verði upptæk 1,46 g af amfetamíni, 7,91 g af maríhúana, 258 stykki af læknislyfjum og 1 ml. af sustanon anabólískum sterum, sem hald var lagt á samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 með áorðnum breytingum, 1. og 4. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með áorðnum breytingum og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

*Einkaréttarkrafa:*

C, kt. [...], gerir kröfu um að ákærða verði gert að greiða brotþola skaðabætur samtals að fjárhæð 2.900 krónur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 8.8.2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt, en síðan dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist bóta vegna þjáninga sem og varanlegs líkamstjóns komi slíkt fram og þá er einnig krafist vaxta af þeim bótum skv. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.“

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út framhaldsákæru vegna málsins þann 12. janúar 2021, með vísan til 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem eftirfarandi leiðrétting er gerð á eftirtöldum ákæruliðum þar sem brotavettvangi er hér með aukið við ofangreinda ákæru:

8. Umferðarlagabrot með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 28. september 2019, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti, undir áhrifum slævandi lyfja og ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði ákærða mældist 345 ng/ml amfetamín og 22 ng/ml klónazepam) og því verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega inn Hliðartorg frá Lækjargötu og út á Reykjanesbraut til norðurs uns lögregla stöðvaði akstur ákærða við Vörðuberg í Hafnarfirði, og fyrir að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða umrætt sinn, neitað að gangast undir töku þvagsýnis og þannig neitað að veita atbeina sinn við rannsókn ætlaðs brots hans.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 58. gr., allt sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

9. Umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 9. mars 2020, ekið bifreiðinni [...], sviptur ökurétti, undir áhrifum ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði ákærða mældist 420 ng/ml amfetamín og 19 ng/ml klónazepam) og því verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega umrætt sinn frá verslun Iceland að Staðarbergi uns lögregla stöðvaði akstur ákærða á Reykjanesbraut við Kaplakrika í Hafnarfirði.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., allt sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.“

Af hálfu ákærvaldsins var fallið frá 2., 3., 5., 6. og 7. ákærulið auk 13. ákæruliðar að öðru leyti en hvað varðar brot gegn vopnalögum. Ákærði játaði sök hvað varðar 1., 8., 9. og 13. ákærulið en neitar sök hvað varðar 4., 10., 11. og 12. ákærulið.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af ákæruliðum 4., 10., 11. og 12, en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði, og er þess krafist að við ákvörðun málsvarnarlauna verði tekið tillit til virðisaukaskatts.

## I

### *Málsatvik*

Hvað varðar þau atvik er greinir í 4. ákærulið þá var lögregla 16. júlí 2019 kölluð í verslunina Hagkaup í Spönginni vegna einstaklings sem grunaður var um þjófnað úr versluninni. Á leiðinni á vettvang barst tilkynning um að viðkomandi hefði farið inn í Dominos í Spönginni þar sem hann hefði náð sér í pitsu og síðan sest inn í bifreiðina [...], sem er hvítur VW Polo, og ekið í burtu Móaveg til vesturs en bifreiðin fannst ekki. Í versluninni var rætt við tilkynnanda, D öryggisstjóra. Eftir að hafa verið kynnt vitnaskylda og vitnaábyrgð lýsti hún því að hún hefði í öryggismyndavélakerfi verslunarinnar séð rauðhærðan mann með svarta derhúfu, í svörtum jakka og í kvartbuxum og með bleikan eyrnalokk í öðru eyra ganga um verslunina og taka matvæli af handahófi sem hann hefði ýmist borðað á meðan hann gekk um eða tekið síðan með sér út úr versluninni. Einnig hefði hann tekið Adidas-rakspíra. Þau hefðu reynt að ræða við manninn og stöðva hann þegar hann gerði sig líklegan til að fara út úr versluninni en hann hefði hundsað þau. Eftir að maðurinn fór út úr versluninni fór hann yfir á Dominos þar sem hann sótti pitsu og fór síðan inn í bifreið með skráningarnúmerið [...] og ók á brott. Einnig ræddi lögregla við E, verslunarstjóra hjá Dominos í Spönginni. Eftir að hafa verið kynnt réttarstaða vitnis og vitnaábyrgð kvaðst hann vita um hvaða mann væri að ræða og hefði hann komið inn og sótt pitsu.

Bifreiðin [...] reyndist vera bílaleigubifreið í eigu [...]. Starfsmaður félagsins sagði ákærða hafa tekið bifreiðina á leigu 14. maí 2019 og greitt þá fyrir leigu í tvo sólarhringa og komið síðan aftur og framlengt leiguna um fjóra sólarhringa. Síðan þá hefði ekkert heyrst í ákærða og engin greiðsla borist frá honum og hefði félagið kært nytjastuld á bifreiðinni fyrir nokkrum dögum. Þá kom í ljós að ákærði var sviptur ökuréttindum. Fyrir liggur kassakvittun frá versluninni, dagsett 16. júlí 2019, þar sem fram koma vörur samtals að verðmæti 9.812 krónur, Adidas-herrailmur, samloka, 6 Daim-toppar, Frón-kremkex, kókómjólk og hnetutoppar, sem talið var að ákærði hefði stolið í versluninni.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af ákærða 12. september 2019. Kvaðst hann ekkert muna eftir þessum atvikum og hafa verið í mikilli „[...]“ allt sumarið en hann væri greindur með „[...]“ og minni hans væri ekki gott. Nú væri hann að „koma niður“ eftir sumarið. Kvaðst hann ekki geta svarað því hvort hann hefði gert þetta. Hann kvaðst hafa verið með bifreiðina [...] á leigu en félagi hans hefði verið með bifreiðina að láni. Staðfesti ákærði að hafa eitthvað ekið bifreiðinni á meðan hann var með hana. Ákærða var kynnt lýsing á geranda í frumskýrslu lögreglu og kvaðst hann vera nýbúinn að setja þennan eyrnalokk í sig en tjáði sig ekki annars um skýrsluna.

Hvað varðar þau atvik er greinir í 10. og 11. ákærulið þá barst lögreglu, 29. apríl 2020, tilkynning vegna einstaklings sem héldi til í bifreið við [...]. Á vettvangi var svört Ford Fiesta-bifreið með skráningarnúmerið [...] en sú bifreið var skráð sem blá bifreið sömu tegundar. Ákærði var sofandi í ökumannssæti bifreiðarinnar og gáfu lögreglumenn sig á tal við hann. Sjáanleg ákoma var á framenda bifreiðarinnar ásamt því að skrifað hafði verið á rúðu á hurð vinstra megin að aftan. Í farangursrými reyndust vera skráningarmerkin [...] sem eru af svartri Ford Fiesta bifreið sem hafði verið tilkynnt stolin. Var ákærði handtekinn, grunaður um skjlabrot og nytjastuld. Kvaðst ákærði vera með bifreiðina að láni frá F og hafa verið með hana í nokkra daga. Gerð var leit í bifreiðinni og reyndust þar vera nokkrir munir sem ákærði kvað vera sína eign og einnig var þar legsteinn sem starfsmenn [...] báru kennsl á.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins við rannsókn þess og kvaðst hann hafa verið með bifreiðina að láni frá F og ekki hafa vitað að henni hefði verið stolið. Kvaðst hann hafa fengið bifreiðina að láni til að þvo föt sín og hefði hann verið búinn að vera að því í þrjá daga. Kvaðst hann eiga smádót sem var í bifreiðinni en sagði legsteininn hafa verið

í farangursgeymslunni þegar hann fékk bifreiðina. Sagði hann bifreiðina þá hafa verið á númerum en myndi ekki hvaða.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af framangreindum F vegna gruns um að hann hefði stolið m.a. kveikjuláslyklum að bifreiðinni [...] þann 11. mars 2020 frá Sólvangi. Kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa farið þangað en minnst þess að hafa vaknað með kveikjuláslykla, greiðslukort og fleiri muni og hefði hann kastað þessum munum í ruslið. Síðar var honum sýnt upptaka af atvikum og þekkti hann sig þar og kvaðst þá muna eftir að hafa farið inn í [...]. Ítrekaði hann að hann hefði kastað þeim munum. Hann hefði síðan sagt ákærða frá því hvar lyklarnir væru og hefði hann sótt þá í ruslageymslu og farið og sótt bifreiðina en heimilisfangið hefði verið á skilríkjunum. Sagði hann rangt að hann hefði lánað ákærða þessa bifreið.

Hvað varðar þau atvik er greinir í 12. ákærulið þá var lögregla 8. ágúst 2019 kölluð á tjaldsvæðið við Víðistaðatún í Hafnarfirði vegna manns sem þar var að hrella fólk með vélsög. Þar hitti lögregla fyrir G, H, I og brotþola, C. Sögðu þau ákærða hafa verið að hóta fólk með vélsög og úrdraganlegri kylfu og sýndu lögreglu myndskaið af atvikum. Þar sést brotþoli liggja á jörðinni og maðurinn standa yfir honum með græna keðjusög og svarta kylfu. Sést hann slá brotþola með krepptum hnefa hægri handar í vinstra eyra og í sömu hendi halda á kylfunni en á söginni í vinstri hendi. Hann sleppti síðan brotþola og hljóp að bifreið G. Var maðurinn klæddur í svartar buxur, jakka með hermamunstri og inniskó. Vitnin sögðust hafa komið á tjaldsvæðið til að athuga með vinkonu sína og hefði maðurinn án tilefnis veist að þeim. Þó væru nokkrir einstaklingar á tjaldsvæðinu með manninum sem líkaði ekki við þau og einhver ósætti hefði verið á milli þeirra. Maðurinn hefði einnig hótað að lemja þau og fjölskyldu þeirra. Bentu þau lögreglu á hjólhýsi sem maðurinn dveldist í. Reyndist ákærði vera í hjólhýsinu og fannst þar vélsögin, úrdraganleg kylfa og eins jakki og maðurinn á myndbandinu var í.

Skýrsla var tekin af brotþola við rannsókn málsins. Kvaðst hann hafa farið á tjaldsvæðið ásamt fleirum til að hitta H sem þar hefði verið með J og K sem hefðu sagst verða að fara af tjaldsvæðinu fyrst þau væru komin þangað. Þau hefðu þá farið en komið síðan aftur. Hann hefði staðið við hlið G þegar ákærði hefði allt í einu komið með vélsög í gangi og hlaupið að þeim. Hann hefði þá hlaupið í burtu en dottið og ákærði þá hlaupið að honum og lamið hann með lögreglukylfu og hótað að myrða fjölskyldur þeirra og koma heim til þeirra. Hann hefði náð að forða sér inn í bifreið G. Hefði ákærði haldið á kylfunni í annarri hendi og vélsöginni í hinn. Kvaðst hann hafa verið hræddur um líf sitt

áður en árásin hófst. Ákærði hefði þá hlaupið á eftir honum og G með vélsögina í gangi og reynt að sveifla henni í áttina að þeim. Vissi hann ekki hvers vegna ákærði réðst á hann en verið gæti að J og K hefðu sagt honum að gera það.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins 9. ágúst 2019. Sagði hann einhverja hafa ætlað að lemja K, K, sem hann hefði lánað tjaldið sitt. Hann hefði gengið upp að þeim og þeir hlaupið í burtu en hann hefði ekki barið þá og engin vopn notað. Kvaðst hann nota keðjusögina sem fannst hjá honum við vinnu en ekki vita neitt um útdraganlega kylfu sem fannst í hjólhýsinu sem hann dvaldist í. Neitaði ákærði því að hafa ráðist á C en kvaðst hafa gengið hratt að honum með sögina og kylfuna í höndunum og ekki hafa hóttað þeim. Var ákærða kynnt það sem fram kemur í upptöku af atvikum og kvaðst hann ekki hafa haldið brotaþola niðri heldur hefði brotaþoli dottið þegar hann var að hlaupa. Kvaðst ákærði þekkja sig á myndbandinu og hefði hann ekki slegið brotaþola eða kýlt hann heldur hefði hann einhvern veginn rekist í hann. Sagði ákærði skiljanlegt að hann hefði verið reiður þar sem þeir hefðu ætlað að kveikja í tjaldi ákærða og ráðast á K.

Fyrir liggur læknisvottorð, dagsett 26. ágúst 2019, vegna komu brotaþola á bráðamóttöku 8. sama mánaðar. Þar kemur fram að við skoðun hafi brotaþoli verið með mar á utanverðu hægra eyra og skrapsár á vinstri sköflungi.

Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af vitnunum G, L, J, M, N, O og K, en ekki er ástæða til að rekja efni þeirra.

Ákærði lagði fram vottorð P geðlæknis, dagsett 18. febrúar 2021. Þar kemur fram að ákærði hafi verið í eftirliti hjá honum. Ákærði sé greindur með [...] og taki vegna þess [...].

## II

### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði kvaðst ekki vilja tjá sig um sakarefnið. Vegna [...] viti hann ekki hvað sé rétt. Sé hann þá að vísa til ástands síns sem hann segir að hafi varað síðustu ár. Geti hann því ekki sagt til um hvort það sé rétt sem haft var eftir honum og fram kemur í þeim skýrslum sem hann gaf hjá lögreglu. Líðan hans sé betri í dag, [...].

Vitnið D, öryggisfulltrúi hjá Högum, kvaðst hafa verið við störf í Hagkaupi í Spönginni þegar þau atvik gerðust sem greinir í 4. ákærulið. Vitnið kvaðst muna eftir því

Þegar ákærði kom í verslunina og hefði hún fylgst með honum í gegnum eftirlitsmyndavél frá því að hann kom inn en ekki sé til upptaka af atvikum. Þegar ákærði var kominn í gegnum verslunina hefðu þau nálgast hann í anddyrinu en hann þá neitað að koma inn aftur. Ákærði hefði síðan gengið út í Dominos þar sem hann hefði náð í pitsu og ekið síðan í burtu. Kvaðst vitnið hafa elt ákærða út og séð þegar hann settist inn í bifreið, í öikumannssætið. Hefði hún látið lögreglu vita og sagt að hann hefði ekið í burtu. Staðfesti vitnið að hafa sent lögreglu fyrirliggjandi mynd, sem er skjáskot úr eftirlitsmyndavél, og staðfesti að myndin væri af þeim manni sem um ræðir. Vitninu var kynnt að fyrir lægi kvittun yfir þær vörur sem ákærði væri sakaður um að hafa stolið. Sagði hún þá að ákærði hefði farið út úr versluninni með ilminn sem er á kvittuninni og hann ekki fundist eftir þetta. Matvörunar hefði ákærði nartað í inni í versluninni. Vitnið kvaðst hafa gengið þá leið sem ákærði fór til að athuga með þær vörur sem hann tók. Hluti þeirra, þær vörur sem hann hafði nartað í, hefði fundist í versluninni. Kvittunin hefði verið gerð í samræmi við þær vörur sem ákærði sást taka og unnin út frá því myndefni sem var til fyrst eftir að atvik gerðust. Hefði kvittunin verið útbúin fljótlega eftir að lögregla kom. Þá sagði vitnið að í eftirlitsmyndavél hefði sést að ákærði hefði ekki komið með þessa hluti með sér inn í verslunina.

Borinn var undir vitnið sá framburður sem hafður er eftir henni í frumskýrslu lögreglu að hún hefði séð í öryggismyndavélakerfi verslunarinnar hvar rauðhærður maður með svarta derhúfu, klæddur í svartan jakka og kvartbuxur og með bleikan eyrnalokk í öðru eyra gekk um verslunina og tók matvæli af handahófi og borðaði á meðan hann gekk um. Hann hefði tekið Adidas-rakspíra og borðað sumt af því sem hann tók inni í versluninni en tekið annað með sér út úr henni. Reynt hefði verið að ræða við ákærða og stöðva hann en hann hundsað starfsmenn verslunarinnar. Þá kæmi fram í frumskýrslu að hún hefði sagt ákærða hafa farið yfir á Dominos og sótt þangað pitsu og síðan sest upp í bifreiðina [...] og ekið í burtu. Staðfesti vitnið að þetta væri rétt haft eftir henni í skýrslunni.

Vitnið E kvaðst hafa starfað sem verslunarstjóri í Dominos í Spönginni á árinu 2019. Þangað hefði lögreglumenn komið og spurt hvort þeir gætu fengið aðgang að myndavélum þar sem grunur væri um að einstaklingur hefði komið í Dominos eftir að hafa verið í Hagkaupi. Kvaðst vitnið hafa vísað lögreglu á tiltekið tölvupóstfang til að fá þessar upplýsingar. Borinn var undir vitnið sá framburður sem hafður var eftir honum í frumskýrslu að hann vissi hvern lögregla væri að tala um og lýsingin á honum passaði

við lýsingu á manni sem hefði komið inn á pitsustaðinn og náð í pitsu. Kvaðst hann ekki muna eftir þessum atvikum nú en staðfesti að rétt hefði verið eftir sér haft.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa farið ásamt öðrum lögreglumanni í Hagkaup vegna þeirra atvika er greinir í 4. ákærulið. Sá sem grunaður var um að hafa verið að stela þar matvörum og snyrtivörum hefði verið farinn þegar þeir komu. Þeim hefði verið sagt frá því að hann hefði komið við í Dominos, við hlið verslunarinnar, og síðan ekið í burtu. Kvaðst hann hafa talað við öryggisstjóra í versluninni og hefði hún lýst útliti mannsins. Einnig hefðu þeir fengið annaðhvort hjá henni eða starfsmanni hjá Dominos þær upplýsingar að maðurinn hefði sest inn í bifreið og ekið á brott. Kennsl hefðu verið borin á ákærða sem hinn grunaði en þeim hefði verið gefið upp númerið á bifreiðinni sem maðurinn ók og þeir fengið upplýsingar frá bílaleigu um að bifreiðin hefði verið leigð ákærða. Kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa horft á upptöku af atvikum og staðfesti frumskýrslu sem hann vann vegna málsins.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa ritað frumskýrslu vegna þeirra atvika er greinir í 12. ákærulið og staðfesti hann þá skýrslu. Sagði vitnið að upphaflega hefði borist tilkynning um mann sem væri að ráðast á fólk. Þegar þau komu á staðinn hefðu þau hitt þrjá eða fjóra einstaklinga sem hefðu sýnt þeim myndband þar sem sjá mátti mann sem hélt á sög og að því er virtist útdraganlegri kylfu. Hefði hann ógnað manni með söginni og slegið hann með hnefa handarinnar sem hann hélt á kylfunni með. Maðurinn hefði verið talinn vera í hjólhýsi ásamt fleira fólki og hefðu þau fylgst með svæðinu á meðan beðið var eftir aðstoð sem kallað hafði verið eftir. Í hjólhýsinu hefðu reynst vera nokkrir einstaklingar og þar á meðal sá sem sást á upptökunni. Hefðu þeir allir verið handteknir og fluttir á lögreglustöð. Við hjólhýsið hefði verið fatnaður eins og sá sem maðurinn á upptökunni var í og hefðu þeir séð að sá maður hlyti að vera ákærði. Hjólhýsið hefði verið flutt á brott en inni í því hefði verið mikið af dóti og talið að þar væru fíkniefni. Vitnið kvaðst hafa rætt við brotapolu en nánar um það vísaði hann til frumskýrslu málsins. Einnig staðfesti vitnið lýsinguna sem fram kemur í frumskýrslu á því sem sjá megi á myndbandinu, að þar sjáist maður halda brotapolu á jörðinni. Maðurinn standi yfir brotapolu og haldi á grænni keðjusög og svartri kylfu. Hann slái brotapolu eitt högg við vinstra eyra með hægri hnefa krepptum og haldi á kylfunni í sömu hendi en keðjusöginni í vinstri hendi.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa ritað frumskýrslu vegna þeirra atvika sem greinir í 10. og 11. ákærulið og staðfesti þá skýrslu. Sagði hann tilkynningu hafa borist

um sofandi mann í bifreið við [...]. Þegar þeir komu að bifreiðinni hefðu þeir strax kannast við manninn sem sat í öikumannssæti bifreiðarinnar sem ákærða. Enginn annar hefði verið í bifreiðinni eða við hana. Í ljós hefði komið að skráningarnúmer bifreiðarinnar passaði ekki við bifreiðina, sem hefði verið eftirlýst og skráð stolin. Hefði ákærði verið handtekinn, grunaður um þessi brot, og vísaði vitnið nánar um atvik til frumskýrslu. Kvað hann sig minna að önnur skráningarnúmer hefðu fundist í bifreiðinni og það hefðu verið rétt númer bifreiðarinnar. Hann myndi ekki hvar kveikjuláslyklar bifreiðarinnar voru og vísaði hann í skýrslu sína hvað það varðaði.

Vitnið C, brotþoli samkvæmt 12. ákærulið, kvaðst hafa verið á tjaldsvæðinu með vinum sínum þegar ákærði kom allt í einu með keðjusög og lögreglukylfu. Þegar hann sá þetta hefði hann reynt að hlaupa í burtu en dottið og hefði ákærði komið að honum með keðjusögina og slegið hann tvisvar í andlitið með kylfunni. Ákærði hefði einnig öskraði á hann og hótað honum lífláti. Hann myndi ekki nákvæmlega hvað hann sagði, en hann hefði einnig sagt „veistu hver ég er“ eða eitthvað álíka. Hefði ákærði sveiflað kylfunni þegar hann lamdi brotþola í andlitið með henni. Brotþoli kvaðst síðan hafa náð að standa upp og komast inn í bifreið. Sagði brotþoli að sér hefði liðið illa bæði líkamlega og andlega eftir þetta. Hann hefði fengið áverka á höfuðið og farið beint á bráðamóttöku. Árásin hefði verið tekin upp á myndband en hann vissi ekki hver hefði gert það. Kvaðst hann aldrei hafa hitt ákærða áður og engin tengsl vera á milli þeirra. Hann vissi hver J og K væru en þekkti þau ekki persónulega. Ilindi hefðu verið á milli þeirra og G sem hefði verið þarna með honum. Það hefði ekki verið ætlun þeirra að ráðast á K. Brotþola var kynnt að haft væri eftir honum í skýrslu hjá lögreglu að hann hefði talið að ákærði hefði ráðist á hann af því að J og K hefðu sagt honum að gera það. Kvaðst vitnið hafa haldið það en ekki vita hvort ákærði hefði fengið rangar upplýsingar. Sagði brotþoli að hann hefði fengið högginn, sem hefðu verið nokkur, með lögreglukylfu. Einnig kvaðst hann hafa óttast að ákærði mundi beita söginni sem hann hefði verið með yfir andliti hans. Eftir árásina hefði hann verið marinn og bólginn vinstra megin á andlitinu. Hann væri búinn að jafna sig á því en þetta hefði einnig verið erfitt andlega og væri enn. Sagði hann árásina hafa verið fyrirvaralaus.

Vitnið I kvaðst hafa farið á tjaldsvæðið ásamt fleirum og ætlað að hitta einhvern. J og K hefðu verið þarna og ekki verið sátt við að þau væru komin á tjaldsvæðið. Þau hefði verið á leið í bifreiðina þegar maður með vélsög og lögreglukylfu hefði komið, hótað þeim og hlaupið á eftir þeim. Síðan hefði hún séð að maðurinn lamdi brotþola í

eyrað þar sem hann lá á jörðinni og braut brjóskið í eyra brotaþola. Kvaðst vitnið ekki þekkja ákærða en hún hefði sent lögreglu myndskaið sem hún átti af atvikum. Kvaðst hún halda að ákærði hefði veitt brotaþola tvö högg á eyrað. Þau hefðu svo farið með hann á slysadeild í kjölfarið. Sagði vitnið að henni hefði verið mjög brugðið þegar þetta gerðist. Hún hefði óttast ákærða og hlaupið inn í bifreið og læst. Ákærði hefði einnig hótad ferðamönnum sem hefðu ætlað að tjalda þarna. Kvaðst hún ekki muna hverju ákærði hótadi en hótanirnar hefðu beinst að brotaþola og G. Vitninu var sýnd upptaka af atvikum og staðfesti hún að hafa sent hana til lögreglu.

Vitnið G kvaðst hafa, ásamt fleirum, farið á tjaldsvæðið til að hitta H og O. K og J hefðu einnig verið þarna. Milli þeirra og vitnisins hefði verið ósætti í langan tíma en hann hefði ekki komið á staðinn til að tala við þau. Hann hefði verið búinn að vera þarna í einhvern tíma þegar ákærði kom hlaupandi að honum með keðjusög og kylfu. Hann hefði þá hlaupið í burtu en ákærði náð honum og öskrað á hann og lamið hann. Einnig hefði hann öskrað á og hótad öðru fólki sem var þarna. Brotaþoli hefði dottið á jörðina og ákærði farið yfir hann og lamið hann með kylfu sem hann var með í hægri hendi og á meðan hefði hann verið með keðjusögina í þeirra vinstri. Vitnið kvaðst ekkert þekkja ákærða. J og K hefðu verið í samskiptum við ákærða en þeim hefði ekki litist á að hann væri þarna. Engin orðaskipti hefðu verið á milli þeirra og ákærða áður en þetta gerðist og hefði þetta gerst upp úr þurru. Sagði vitnið að eftir þetta hefði brotaþoli verið rauður á eyranu og hefði hann farið á bráðamóttöku. Sagði vitnið að á upptöku af atvikunum heyrðust hótanir en hann myndi ekki hvort hann heyrði þær þegar atvik gerðust. Sagði vitnið að sér hefði verið brugðið á meðan á þessu stóð og hann orðið mjög hræddur þegar ákærði hljóp að honum með sögina. Sagði hann ákærða hafa verið æstan og ógnandi. Útilokaði vitnið ekki að ákærði hefði fengið rangar upplýsingar frá J og K sem hefðu orðið til þess að hann réðst á þá. Vitnið kvaðst þekkja brotaþola en þeir væru ekki vinir í dag. Vitninu var sýnt framlagt myndband af atvikum og sagði hann þetta vera myndbandið sem þau hefðu sýnt lögreglu á vettvangi.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa farið í útkall á tjaldsvæðið vegna þeirra atvika er greinir í 12. ákærulið en tilkynnt hefði verið um mann sem þar væri ógna fólki með keðjusög. Þegar þau komu á vettvang hefði reynst vera til upptaka af ætlaðri líkamsárás sem vitnið hefði fengið að sjá og hefði gerandi verið talinn vera í hjólhýsi á svæðinu ásamt fleira fólki. Hefði ákærði verið handtekinn ásamt öðrum sem þar voru. Í hjólhýsinu hefðu verið sög og kylfa sem talið var að hann hefði verið með samkvæmt því sem sást

á upptökunni. Þá hefðu þar einnig fundist fíkniefni og munir sem talið var að væru þýfi. Kvaðst hann ekki muna hvernig ástand ákærða var.

R, sérfræðingur í heimilislækningum, staðfesti að hafa gefið út vottorð vegna brotaþola og sagði þann lækni sem skoðaði brotaþola vera hættan störfum. Kvaðst hann, við útgáfu vottorðsins, hafa kynnt sér þau gögn sem lágu fyrir, þ. á m. ljósmyndir. Sagði hann að þar hefði ekki komið fram hver aðdragandi atvika hefði verið en skilja hefði mátt gögnin svo að þetta hefði verið afleiðing af líkamsárás og barsmíðum. Þau áverkamerki sem voru tilgreind hefðu verið mar á vinstra eyra sem gat samrýmt því að brotaþoli hefði nýlega fengið högg á eyrað. Um hefði verið að ræða ferskt mar á ytra eyra og einnig hefði hann verið með dálítið skrap á sköflungi sem gæti hafa verið nýlegt. Gerði vitnið ráð fyrir að brotaþoli hefði jafnað sig af áverkanum á eyranu á um tveimur vikum.

### III

*Niðurstæða,*

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 1., 8., 9. og 13. ákærulið. Farið var með mál þetta, hvað varðar þá ákæruliði sem ákærði hefur játað, samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu. Málsatvikum er rétt lýst í ákæru. Ákærði hefur skýlaust játað þessi brot sín. Játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök. Brot ákærða samkvæmt 8. ákærulið voru framin í gildistíð eldri umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal, hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður er framinn og til þess er dómur gengur, dæma eftir nýrri lögum bæði um refsinemi verknaðar og refsingu, að því gefnu að hin nýju ákvæði séu ákærða í hag eða inntak þeirra hið sama og áður gildandi refsíákvæða. Efnislega sambærileg ákvæði hvað varðar ætlaða háttsemi ákærða var í 45. gr. a, 47. og 48. gr. í lögum nr. 50/1987 sem í gildi voru þegar atvik gerðust. Með þessari athugasemd teljast brot ákærða vera réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákærunum.

Ákærði neitaði sök hvað varðar 4., 10., 11. og 12. ákærulið. Sönnunarbýrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði er í 4. ákærulið ákærður fyrir þjófnað í versluninni Hagkaupi í Spönginni. Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum. Fyrir liggur skýr framburður vitnisins D um atvik. Hún kvaðst hafa, í gegnum öryggismyndavélar, fylgst með ákærða fara í gegnum verslunina og út úr henni án þess að greiða fyrir vörurnar. Kvaðst hún sérstaklega hafa gengið þá leið sem ákærði fór um verslunina til að kanna hvort vörurnar væri þar að finna. Staðfesti vitnið að á kvittun sem liggur fyrir í málinu séu þær vörur sem ákærði annaðhvort borðaði að einhverju leyti inni í versluninni og skildi eftir þar eða fór með út úr henni og að ákærði hefði ekki greitt fyrir þessar vörur. Þá liggur fyrir mynd af viðkomandi úr eftirlitsmyndavél verslunarinnar og eru augljós líkindi með þeim manni og ákærða. Þá liggur fyrir framburður D um að viðkomandi hafi farið á brott á bifreið sem ákærði hafði tekið á leigu og viðurkenndi hjá lögreglu að hafa ekið en kvaðst þó hafa lánað félaganum sínum bifreiðina. Fyrir liggur að ákærði var sviptur ökurétti í umrætt sinn. Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í 4. ákærulið og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Hvað varðar 10. og 11. ákærulið þá er ákærði þar ákærður fyrir nytjastuld og skjalabrot. Ákærði kvaðst, í framburði sínum hjá lögreglu, hafa verið með bifreiðina að láni og ekki hafa vitað að henni hafði verið stolið. Fyrir liggur framburður F hjá lögreglu en hann viðurkenndi að hafa stolið m.a. kveikjúláslyklum bifreiðarinnar, sem ákærði hefði síðan fundið og hann þá sagt ákærða hvernig hann gæti fundið bifreiðina. Framburður ákærða hjá lögreglu var annars óljós um það hvers vegna hann væri á bifreiðinni, sem hann kvaðst hafa verið á í nokkra daga og metur dómurinn skýringar hans ótrúverðugar. Með hliðsjón af framangreindu, framburði F hjá lögreglu og þeirrar staðreyndar að bifreiðinni hafði verið stolið telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um nytjastuld eins og í ákæru greinir og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í 10. ákærulið.

Fyrir liggur að þau skráningarnúmer sem voru á bifreiðinni þegar lögregla hafði afskipti af ákærða tilheyrðu henni ekki og að númer hennar voru í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Þó sannað sé, í samræmi við niðurstöðu vegna 10. ákæruliðar, að ákærði hafi gerst sekur um nytjastuld eru engin gögn fram komin sem staðfesta að ákærði hafi vitað af númerunum í farangursgeymslunni og ef svo væri að hann hafi þá vitað að þetta væru þau númer sem tilheyrðu bifreiðinni. Ekkert er fram komið um að það hafi verið ákærði sem hafi skipt um númerin eða hann hafi vitað að bifreiðin var á röngum

númerum. Verður þannig ekkert staðhæft um ásetning ákærða til verknaðarins, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Í samræmi við framangreint verður ákærði sýknaður af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í 11. ákærulið.

Hvað varðar 12. ákærulið þá er ákærði þar ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa kýlt brotaþola með krepptum hnefa hægri handar á meðan hann hélt á útdraganlegri kylfu í þeirri hendi. Fyrir liggur skýr framburður brotaþola og vitnanna G og I um það hvernig ákærði elti brotaþola og vitnið G með vélsög á lofti og hafði um leið í hótunum við þá. Einnig báru þeir um að ákærði hefði lamið brotaþola með kylfu. Brotaþoli sagðist hafa fengið höggið vinstra megin á andlitið og G bar um að brotaþoli hefði hlotið áverka á eyra við höggið. Brotaþoli sagði fyrir dómi að ákærði hefði hóttað þeim lífláti en mundi ekki nánar hvaða orð ákærði lét falla, en hjá lögreglu sagði brotaþoli að ákærði hefði hóttað því að myrða fjölskyldur þeirra. Þá bar vitnið I einnig um það fyrir dómi að ákærði hefði hóttað brotaþola og G en hún myndi ekki hverju.

Fyrir liggur upptaka af atvikum, eins og að framan er rakið, en af henni sést ekki aðdragandi atvika og hefst hún þar sem brotaþoli liggur á jörðinni og ákærði stendur yfir honum. Af henni má ráða að brotaþoli fékk högg á eyrað og er það í samræmi við vottorð sem unnið var upp úr gögnum læknisins sem skoðaði brotaþola eftir atvikið. Staðfesti vitnið R, sem ritaði framlagt vottorð um áverka brotaþola, að áverkarnir gætu samrýmst því að hann hefði fengið högg á eyrað. Upptakan var borin undir ákærða þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu og kannaðist hann við sig á upptökunni. Þar bar hann um að hafa elt brotaþola og féлага hans en ekki slegið brotaþola eins og í ákæru greinir. Fyrir dómi staðfesti hann ekki þann framburð sinni. Vélsögin, kylfan og úlpa, eins og sú sem ákærði var í á upptökunni, fundust á dvalarstað ákærða sem var hjólhýsi á tjaldsvæðinu.

Ákærði neitar sök. Er það mat dómsins að framburður hans hjá lögreglu sé í ósamræmi við annað sem fram er komið í málinu og eigi það sama við um framburð hans fyrir dómi. Er það niðurstaða dómsins að framburður ákærða um atvik sé ótrúverðugur og að niðurstaða málsins verði ekki á honum byggð að því leyti sem hann er í andstöðu við annað sem fram er komið. Telur dómurinn augljóst að ákærði var sá maður sem sést á upptökunni veitast að brotaþola. Þá báru bæði brotaþoli og vitnið G um að ákærði hefði slegið brotaþola með kylfu. Er sá framburður þeirra í andstöðu við það sem sjá má af upptökunni og lögreglumáður nr. [...] bar um að hafa séð þar, þ.e. að ákærði hafi haldið á kylfunni í þeirri hendi sem hann kýldi brotaþola með, eins og byggt er á í ákæru. Í ljósi alls framangreinds telur dómurinn sannað að ákærði hafi veist að brotaþola eins og rakið

er í ákæru. Ákærði er einnig ákærður fyrir að hafa á sama tíma haft í frammi ógnandi tilburði við brotþola og hótad honum líkamsmeiðingum. Að framan er rakin framburður vitna hvað þetta varðar, m.a. framburður brotþola um að ákærði hefði hótad honum lífláti. Á þeirri upptöku sem liggur fyrir má heyra ákærða segja við brotþola, í kjölfar þess að hann lamdi hann, að hann ætli að „rústa“ honum. Þá er fram komið að brotþoli óttaðist ákærða á meðan á atvikum stóð en ákærði lét hótanirnar falla á meðan hann veittist að brotþola með vélsög og kylfu. Var háttsemi ákærða einnig til þess fallin að valda brotþola ótta um líf sitt og heilbrigði. Með því sem rakið hefur verið telur dómurinn nægilega sannað, að ákærði hafi sýnt brotþola ógnandi tilburði og hótad honum líkamsmeiðingum.

Í ljósi framangreinds telur dómurinn sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í 4., 10. og 12. ákærulið og er háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

#### IV

Ákærði er fæddur [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði dagsettu 6. júlí 2020 hefur hann þrisvar verið dæmdur til refsingar. Með dómi héraðsdóms 28. desember 2016 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar vegna þjófnaðar, aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna og brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni og sviptur ökurétti í tvö og hálf ár. Þá var ákærði með dómi héraðsdóms 11. september 2019 dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi vegna þjófnaðar og aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna og sviptur ökurétti og var hann sviptur ökurétti í tvö ár. Loks var ákærði með dómi 4. mars 2020 sakfelldur fyrir brot gegn umferðarlögum en honum ekki gerð sérstök refsing vegna brotanna en hann sviptur ökurétti í eitt ár.

Eru brot ákærða samkvæmt 1. og 4. ákærulið hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, vegna dómanna frá 11. september 2019 og 4. mars 2020 og er brot ákærða samkvæmt 8. ákærulið einnig hegningarauki vegna síðarnefnda dómsins. Þá telst ákærði með þeirri háttsemi sinni sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir samkvæmt 8., 9., 10., 12. og 13. ákærulið hafa rofið skilorð dómsins frá 11. september 2019. Verður skilorðsdómurinn því tekinn upp og ákærða dæmd refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Verður til refsipýngingar litið til 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. sömu laga en líkamsárás ákærða var gróf í ljósi þeirra áhaldna sem ákærði var með og hótana og ógnandi tilburða er ákærði viðhafði jafnframt. Þá telur dómurinn að vilji

ákærða til verksins hafi verið einbeittur en hann elti brotþola uppi til að veitast að honum. Auk framangreinds lítur dómurinn einnig, í ljósi sakaferils ákærða, til 255. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Meðferð málsins hefur dregist nokkuð fyrir dómi og verður það að hluta til rakið til þess að ákærði ýmist mætti ekki í þinghöld þrátt fyrir boðun eða erfitt reyndist að ná sambandi. Í ljósi þess verður ekki talið að dráttur á meðferð málsins eigi að leiða til mildari refsingar. Með hliðsjón af sakarefni og sakaferli ákærða telur dómurinn að ekki séu efni til að skilorðsbinda refsingu hans.

Með vísan til þeirra lagaákvæða er greinir í ákæru eru gerð upptæk til ríkissjóðs þau ávana- og fíkniefni og munir sem í dómsorði greinir og lögregla lagði hald á við rannsókn málsins og ákærði sviptur ökurétti eins og þar er nánar rakið. Ákærði var sviptur ökurétti til bráðabirgða 3. október 2020.

## V

Í málinu gerir brotþoli, C, kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 2.900 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Er krafan til komin vegna útlagðs kostnaðar brotþola af komu á bráðamóttöku í kjölfar þeirrar líkamssárásar sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir og er hún byggð á almennu sakarreglunni. Ákærði hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð og verður krafa brotþola því tekin til greina eins og hún er fram sett, auk vaxta og dráttarvaxta eins og í dómsorði greinir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, er telst alls hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur. Ákærði greiði því 483.328 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Ólöf Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## Dómsorð:

Ákærði, Atli Viðar Gunnarsson, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði greiði C 2.900 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 8. ágúst 2019 til 5. nóvember 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Upptækt er gert til ríkissjóðs skotvopn auk sjónauka (munir nr. 480153), þrjú stunguvopn (munir nr. 495118 og 480156), útdraganleg kylfa (munur nr. 495116),

hnúajárn (munur nr. 495117), spjaldtölva (munur nr. 480154), tveir farsímar (munir nr. 480337 og 480338), fíkniefnaneysluáhöld (munur nr. 495119), keðjusög (munur nr. 495115), 1,46 g af amfetamíni, 7,91 g af maríhúana, 258 stykki af læknislyfjum og 1 ml. af sustanon anabólískum sterum.

Ákærði er sviptur ökurétti í 27 mánuði frá 3. október 2020.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 1.200.000 krónur, og 483.328 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)